

Austurbrú ses. – 4. stjórnarfundur
haldinn kl. 20, miðvikudaginn 20. júní 2012
í húsnæði AFLs, Miðvangi 2-4, Egilsstöðum

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir. Varamenn mættir Þórunn Eymundardóttir og Gauti Jóhannesson en aðalmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigrún Blöndal voru fjarverandi.

Dagskrá: Ályktun frá starfsfólki Austurbrúar

Formaður setti fund kl. 20.00 og gengið var til dagskrár.

1. Ályktun frá starfsfólki Austurbrúar

Fyrir fundinum lá ályktun til stjórnar frá starfsmannafundi Austurbrúar sem haldinn var 19. júní 2012. Í henni koma fram áhyggjur starfsmanna af hve hægt gangi að koma málefnum stofnunarinnar í réttan farveg og ósk starfsmanna um að eiga fund með stjórninni sem allra fyrst.

Stjórn ræddi saman en kallaði síðan inn á fundinn fulltrúa starfsfólks. Talsmenn voru Ragna Hreinsdóttir trúnaðarmaður, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðrún Jónsdóttir, en auk þeirra voru mættir fimm aðrir starfsmenn Austurbrúar: Sigrún Lóa, Glúmur, Bergþóra, Lára og Signý.

Eftir góðar umræður yfirlögðu starfsmenn fundinn kl. 21.30.

Porkell Pálsson framkvæmdastjóri mætti á fundinn og stjórn fór yfir mál með honum og viðbrögð hans við áhyggjum starfsfólks. Framkvæmdastjóri yfirlögðu fundinn um kl. 22.30 eftir ítarlegar umræður.

Stjórn ræddi málin áfram og varð einróma niðurstaða sú að fela stjórnarformanni að biðja framkvæmdastjórnann um að setja upp markvissa aðgerðaáætlun fyrir vinnuna næstu sex vikur með sérstaka áherslu vinnu inná við með starfsfólki næsta hálfan mánuð. Stjórnarfundur verður haldinn, eins og áður var ákveðið, í fyrstu viku júlímánaðar, nánar tiltekið þann 4. júlí, en framkvæmdaráð mun funda með framkvæmdastjóra svo oft sem þurfa þykir næstu vikurnar.

Stjórnarformanni var einnig falið að kynna trúnaðarmanni starfsmanna niðurstöðu stjórnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 23.30.

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar Hermannsson

Sverrir Albertsson

Þórunn Eymundardóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Anna Dóra Helgadóttir

Gauti Jóhannesson